

að með tveimur ákæruskjölum, og var kærði m. a. ákærður fyrir samtals 21 þjófnaðarbrot á tímabilinu frá því í nóvember 1982 þar til í febrúar 1983. Brot þau, sem nú eru til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og rakin eru hér að framan, eru því öll framin, eftir að kærða var birtur framangreindur skilorðsdómur. Þess skal að lokum getið, að samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði 39 sinnum komist á skrá hjá rannsóknarlögreglu ríkisins frá árinu 1975 vegna ýmissa afbrota.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, verður að telja kærða síbrotamann þrátt fyrir ungan aldur, og þykir ástæða til að ætla, að veruleg hætta sé á, að hann haldi áfram brotastarfsemi, ef hann verður látinn laus, meðan málum hans er eigi lokið. Þykir því rétt með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. desember nk., kl. 1700, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu, þar sem kærði er grunaður um brot, er gætu varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. desember 1982, kl. 1700.

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 186/1981. **Flugleiðir h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Radíóstofu Vilbergs og Þorsteins

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Flugfarmbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Línadal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1981. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda gegn greiðslu á 1.857.74 krónum ásamt dráttarvöxtum af 59.74 krónum frá 15. maí 1979 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

„Aðallega, að áfrýjanda verði gert að greiða núvirði samskonar litsjónvarpstækis kr. 26.429,- (heildsöluverð kr. 21.400,- + 23,5% söluskattur kr. 5.029,-).

Til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða kr. 14.374.75.

Til þrautavara er gerð sú krafa, að áfrýjanda verði gert að greiða kr. 3.903.60.

Ennfremur er krafist af öllum kröfunum 19% ársvaxta frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar héraðsdóms þann 12. júní 1981 og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.“

Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf sitt til lögmanns síns frá 18. janúar 1982. Segir þar m. a.:

„Að gefnu tilefni staðfestist hér með, að tryggingadeild Flugleiða hefur yfirfarið tjónaskrár og kannað, hvort um greiðslu skaðabóta vegna vörusendinga hefur verið að ræða til fyrirtækisins Vilberg og Þorsteinn, áður en til greiðslu kom því til handa þann 25. maí 1979.

Hefur verið staðfest, að allt frá því í nóvember 1975 hafi ekki komið fram upplýsingar um neinar slíkar greiðslur, en lengra náði könnun ekki.“

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt reikning, dags. 5. febrúar 1971, með áritun hans, að því er virðist, um, að Flugfélag Íslands hafi greitt reikninginn, en reikingurinn tjáist vera yfir vörur, sem senda skyldi til Seyðisfjarðar og glatast hafi. Er í áritun þessari miðað við, að reikningsfjárhæðin ásamt söluskatti hafi verið greidd af Flugfélaginu.

Viðurkennt er af hálfu áfrýjanda, að sjónvarpstæki það, sem í

málinu greinir, hafi týnst, eftir að það komst í varnað hans, og samkvæmt gögnum máls eru atvik að því eigi kunn.

Í flugfarmbréfi, sem út var gefið af hálfu áfrýjanda um sjónvarpstækið, dags. 24. nóvember 1978, segir svo m. a.: ...Um flutning samkvæmt flugfarmbréfi þessu skulu gilda ákvæði Varsjársáttmálans eða ákvæði íslenskra laga, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi, sbr. nú lög nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir. . .“

Aðiljar eru sammála um, að síðastgreind lög gildi gagngert um lögskipti þeirra, þau er málið varðar.

Samkvæmt 118. gr., 2. mgr., laga nr. 34/1964 er ábyrgð flytjanda flugfarms takmörkuð, svo sem þar greinir, nema verðmætisýfirlýsing komi til af hálfu farmsendanda, enda greiði hann þá aukafarmgjald. Viðurkennt er af hálfu stefnda, að hvorki hafi hann greint verð vörunnar í skiptum sínum við áfrýjanda né boðið fram aukafarmgjald, og er eigi viðhlítandi í því sambandi, þótt þess sé getið í flugfarmbréfi, að varningur sá, sem senda skyldi, væri litasjónvarpstæki. Stefndi hefur eigi sýnt fram á, að neinar þær venjur hafi myndast í skiptum málsaðilja, sem vikið geti til hliðar lagaákvæði 118. gr., 2. mgr., laga nr. 34/1964, og eigi er sannað af hálfu stefnda, að ákvæði 120 gr. sömu laga eigi hér við.

Stefndi á samkvæmt þessu rétt á bótum eftir því sem segir í meginreglu 118. gr. laga nr. 34/1964, en tækið vó 29 kg, svo sem segir í flugfarmbréfi. Samkvæmt bréfi Seðlabanka Íslands í dag jafngilda 100 gullkrónur 1.343.00 krónum. Í stefnu málsins í héraði nam stefnukrafan 390.360 gömlum krónum, þ. e. 3.903.70 nýjum krónum. Gegn andmælum áfrýjanda er stefnda eigi heimilt að hækka þá kröfu hér fyrir dómi. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð og staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til að því er höfuðstól varðar. Áfrýjandi sendi stefnda með bréfi 15. maí 1979 tækka að fjárhæð 179.800 krónur. Kom fram í bréfinu, að greiðsla þessi væri fullnaðargreiðsla. Viðurkennt er af hálfu áfrýjanda, að tækka fjárhæðin hafi verið lægri en skuld hans nam við stefnda. Þegar þessa er gætt svo og skilyrða þeirra, er tengdust greiðslunni, var stefnda rétt að synja viðtöku tékkans og endursenda hann. Vextir af kröfu stefnda verða dæmdir, eins og krafist er og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en áfrýjandi greiði stefnda 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Flugleiðir h/f, greiði stefnda, Radióstofu Vilbergs og Þorsteins, 3.903.60 krónur með 19% ársvöxtum frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 12. júní 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. maí sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. nóvember 1980.

Stefnandi málsins er Radióstofa Vilbergs og Þorsteins, Laugavegi 80, Reykjavík.

Stefndi er Flugleiðir h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum nýkr. 3.903.60 „, auk 19% ársvaxta frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 25. apríl 1980, en með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til birtingar þessarar dómsstefnu og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Ennfremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxa L. M. F. Í.“

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn því, að stefndi greiði stefnanda gamlar kr. 185.774 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af gr. 5.974 frá 15. maí 1979 til greiðsludags, en stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Með stefnu, birtri 10. september 1979, höfðaði stefnandi mál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnda út af sama málsefni. Það mál var fellt niður, og höfðaði stefnandi því næst mál þetta fyrir sjó- og verslunardóm-inum.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta ásamt með-dómendum Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra og Páli Sigurðssyni dósent.

II.

Í stefnu er málavöxtum m. a. svo lýst:

„Atvik þessa máls eru þau, að þann 24. nóvember 1978 var sent eitt litsjónvarpstæki af gerðinni Hitachi CTP—215, sem kostaði með söluskatti kr. 390.360. Tæki þetta var sent með Flugleiðum hf. samkvæmt flugfarmbréfi númer 346334 til firmans Kjarni s.f., Vestmannaeyjum, og var getið um, að hér væri um að ræða litsjónvarpstæki í farmbréfinu.

Stefnandi þessa máls vissi ekki, að tækið hafði ekki borist til Kjarna s.f., fyrr en forsvarsmenn Kjarna s. f. kvörtuðu nokkrum dögum síðar, að tæk-ið hefði ekki borist til þeirra. Var þá strax haft samband við Flugleiðir hf., og óskaði stefndi þá eftir fresti til þess að leita að tækinu, þar sem það kynni að hafa farið í misgripum til einhvers annars áætlunarstaðar, sem stefndi hefur einkaleyfi á. Litsjónvarpstækið kom aldrei fram, og krafði þá stefnandi þessa máls stefnda, Flugleiðir h.f., um greiðslu andvirðis tækisins, þ. e. heildsöluverð kr. 325.300 auk 20% söluskatts, kr. 65.060, eða alls kr. 390.360, en söluskatturinn er ákvarðaður af Skattstofunni í Reykjavík. Nefnt litsjónvarpstæki hefur ekki enn komið í leitirnar, og hafði stefnandi þegar í upphafi tilkynnt stefnda um bótakröfu sína og sérstaklega bréflega þann 4. maí 1979, og var gefinn frestur til 25. maí s. á. um greiðslu. Nokkru síðar sendi stefndi tékka að fjárhæð kr. 179.800, sem átti að skoðast sem fullnaðargreiðsla af hálfu stefnda, og átti stefnandi að kvitta á sérprentað eyðublað fyrir fullnaðarbætur. Þessu boði stefnda hafnaði stefnandi og endursendi tékkann, sem hann taldi sig ekki eiga rétt á að taka sem innágreiðslu, þar sem stefndi taldi það fullnaðargreiðslu. Stefn-andi áskildi sér fulla greiðslu á andvirði tækisins og tilkynnti jafnframt stefnda, ef ekki yrði greitt að fullu, yrði höfðað mál á hendur stefnda. Í bréfi stefnda kemur fram, að tækið átti að fara með flugferð, sem stefndi kallar VEY, FI.60—241178, en bréf þetta er dagsett 15. maí 1979. Tekið skal fram, að flugfarmbréfið og bréf það, sem stefndi skrifaði stefnanda,

er merkt Flugfélagi Íslands h.f., en það félag starfar nú ekki lengur, heldur hefur sameinast Loftleiðum í félagið Flugleiðir hf., sem er stefndi í máli þessu (geri ég ráð fyrir, að verið sé að nota gömul eyðublöð til sparnaðar). Þrátt fyrir það, að tækið hafi horfið úr vörslum stefnda, veit stefnandi ekki til þess, að nein lögreglurannsókn hafi farið fram á hvarfi sjónvarps-tækisins, og þykir stefnanda þetta næsta undarlegt, að stefndi skuli ekki láta fara fram lögreglurannsókn á slíku hvarfi úr vörslum sínum, þar sem hér er um að ræða mjög verðmætan hlut, sem er í lúxustolli.“

III.

Vilberg Sigurjónsson hefur fyrir dómi 11. júní 1980 m. a. skýrt svo frá: „Ég er eigandi stefnanda ásamt Þorsteini Þorvaldssyni. Ég hefi kynnt mér ljósrit af flugfarmbréfinu, sem málið fjallar um. Starfsmenn stefnanda vérlitustu á sínum tíma þann hluta farmbréfsins, sem vérlitaður er. Starfsmenn Flugfélags Íslands hafa hins vegar skráð á farmbréfið þann hluta skjalsins, sem handritaður er. Þegar stefnandi afhenti umrætt litasjónvarp, þá fylgdi enginn reikningur með vörusendingunni, aðeins flugfarmbréfið. Frumrit reikningsins var sent í pósti til kaupandans, Kjarna í Vestmannaeyjum. Engar upplýsingar um verðið fylgdu vörusendingunni, þegar stefnandi afhenti hana til flutnings. Farmbréfið ber með sér, að innihald vörusendingarinnar var litasjónvarpstæki. Ég hef ekki hugmynd um, hver afdrif tækisins urðu, eftir að tækið var afhent flytjanda, en tækið afhenti ég í vörumót-töku flugfélagsins á Reykjavíkurlugvelli. Ég tel, að eigendum stefnda hafi verið kunnugt um „flutningsákvæði,“ sem prentuð eru á flugfarmbréfið. Stefnandi hafði sent vörur með Flugfélagi Íslands h.f. allt frá árinu 1955, þegar fyrirtækið var stofnað. Þegar skemmdir urðu á vörum, sem stefnandi sendi með nefndu flugfélagi, hafði tjón ávallt verið bætt eftir mati fagmanna eða svokallaðri kilóareglu. Varð ávallt samkomulag um bætur á skemmdum munum. Ef vörusendingar týndust með öllu í flutningi hjá flugfélaginu, þá voru þær ávallt greiddar að fullu. Við töldum því, að flytjandi tækisins, sem um er fjallað í máli þessu, myndi greiða okkur andvirði þess að fullu skv. fyrri reynslu. Einnig töldum við ámælisvert af hálfu flugfélagsins, að ekki var af þess hálfu krafist lögreglurannsóknar út af hvarfi tækisins. Ég og félagi minn Þorsteinn gáfum á sínum tíma upplýsingar í síma bæði til umboðsmanns stefnda í Vestmannaeyjum og til skrifstofu stefnda í Reykjavík, hversu mörg tæki hefðu verið send til Kjarna s.f. í Vestmannaeyjum. Ég kannast hins vegar ekki við, að fyrirsögn hafi komið um vörusendingar til annarra staða á landinu um það leyti sem sjónvarpið var afhent flytjanda. Spurt var um seríunúmer tækisins, en það númer gátum við ekki gefið upp, vegna þess að stefnandi hafði ekki látið skrá það niður í bækur félagsins. Ríkisútvarpið hefur ekki gert kröfu um, að seljend-

ur sjónvarpstækja skrái niður slík númer. Ég vil geta þess, að mörg símtöl áttu sér stað á milli skrifstofu flytjanda og okkar Þorsteins, og voru í þeim símtölum gefnar ýmsar upplýsingar af hálfu stefnanda. Litasjónvarpið var ekki vátryggt fyrir skemmdum eða ef það týndist með öllu, hvorki af stefnanda eða kaupandanum Kjarna í Vestmannaeyjum.“

Bragi Ingiberg Ólafsson hefur fyrir dómi 13. júní 1980 m. a. skýrt svo frá: „Ég var yfirmaður reksturs Flugleiða hf. í Vestmannaeyjum á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Það háttar þannig til hjá okkur í Vestmannaeyjum við móttöku á vörum, sem koma með flugvélum frá Reykjavík, að við skrifum inn nöfn móttakanda vörunnar á eyðublöð og þrjá síðustu stafina af númeri á límmiða, sem límdur er á viðkomandi pakka. Eyðublöð, sem við notum í þessu sambandi, eru aðeins óskrifðar síður í stærð A-4. Þegar búið er að skrásetja nafn móttakanda og síðustu þrjá stafina úr númeri hverrar vörusendingar, eru upplýsingarnar, sem skráðar höfðu verið á eyðublaðið bornar saman við fylgibréf, flugfarmbréf, sem koma í einu lagi í umslagi með viðkomandi flugvél. Sama númer á að vera á flugfarmbréfi, sem fylgir hverri vörusendingu, og númerinu á límmiðanum, sem límdur er á viðkomandi pakka. Miðarnir, sem upplýsingarnar voru skráðar á, eru geymdir í sérstakri möppu. Starfsmenn félagsins hringja því næst til viðkomandi vörumóttakanda eða senda honum tilkynningu um komu vörunnar í pósti. Ef móttakandi á að greiða flutningsgjald, svo sem í því tilfelli, sem hér um ræðir, en flugfarmbréfið er merkt „C.C.“, sem merkir, að viðkomandi eigi að greiða flutningsgjaldið, þá fær viðtakandinn flugfarmbréfið, eitt af samritum flugfarmbréfsins, en félagið heldur þremur samritum. Eitt verður eftir í Vestmannaeyjum, annað verður eftir í Reykjavík og hið þriðja gengur til bókhalds í sambandi við uppgjör. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, mun sendandi hafa fengið við afhendingu vörunnar hér í Reykjavík frumrit flugfarmbréfs og eitt afrit. Þessi eintök flugfarmbréfs þurfti hann ekki að senda til móttakandans í Vestmannaeyjum, vegna þess að móttakandinn átti að greiða flutningsgjaldið, en um póströfu var ekki að ræða. Ég tel, að sjónvarpið hafi aldrei komið til Vestmannaeyja. Ég byggji það á því, að umrædd vörusending var ekki skráð á hinn lausa miða, svo sem venja stendur til. Ég vann sjálfur m. a. við það að skrifa út vörur, sem komu. Jafnframt tók ég þátt í því að hringja til vörumóttakanda. Ég tel því nokkuð öruggt, að sjónvarpið hafi aldrei til Vestmannaeyja komið með flugvélum félagsins. Ég vil hins vegar taka fram, að flugfarmbréfið nr. 346334, sem mál þetta fjallar um, kom til okkar með öðrum flugfarmbréfum á venjulegan hátt. Mér þykir sennilegast, að flugfarmbréfið hafi komið til Vestmannaeyja laugardaginn 25. nóvember 1978, vegna þess að ekki var flogið þann 24. nóvember. Það kemur oft fyrir, og við höfum meira að segja óskað þess, að fá flugfarmbréfin send strax til Vestmanna-

eyja, enda þótt ekki sé pláss í flugvélinni fyrir vörusendinguna. Ég tel, að við höfum fengið 3 samrit af farmbréfinu, sem hér um ræðir. Ég veit ekki annað en að þau eintök séu til á skrifstofu félagsins í Vestmannaeyjum. Ég tel, að ekki hafi verið skráð á frambréfin, hvenær þau komu til Vestmannaeyja. Ég get því ekki staðhæft neitt um það, hvenær þau komu, þar sem engar upplýsingar voru skráðar annars staðar um móttöku farmbréfsins. Við móttöku þessa flugfarmbréfs var það sett í sérstaka möppu yfir farmbréf, sem komu, án þess að vara fylgdi. Afgreiðsla félagsins í Reykjavík tilkynnir okkur í Vestmannaeyjum, þegar þeir hafa „hreinsað upp“ vörur hjá sér, sem til Vestmannaeyja eiga að fara. Í þessu tilfelli mun afgreiðslan í Reykjavík hafa „hreinsað upp“ hjá sér vörur til Vestmannaeyja þann 10. desember 1978. Þann 11. desember hafði ég sjálfur samband við vöruafgreiðsluna í Reykjavík út af tækinu. Leitað var að tækinu hjá þeim, en það fannst ekki. Mér er um það kunnugt, að Thulin Johansen, starfsmaður félagsins í Reykjavík, sendi út sérstakt dreifibréf til annarra afgreiðslu félagsins á Íslandi með fyrirspurn um, hvort sjónvarpið hefði verið sent þangað í misgripum. Hann mun einnig hafa hringt á viðkomandi staði, en sjónvarpið fannst ekki. Ég bað Thulin að afla hjá sendanda ýmissa upplýsinga varðandi tækið og vörusendingar frá þeim til annarra. Ég átti hins vegar aðeins eitt símtal við fyrirtæki stefnanda. Ég ræddi þar við karlmann og spurði um seríunúmer tækisins. Ég man nú ekki, við hvern ég talaði, en viðmælandi minn tilkynnti mér, að seljandi skráði ekki niður seríunúmer þeirra tækja, sem hann seldi.“

Thulin Johansen hefur fyrir dómi 24. júní 1980 m. a. skýrt svo frá: „Ég var starfsmaður hjá Flugleiðum h.f. 24. nóvember 1978, en ég lét af störfum hjá því félagi 30. september 1979. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, var ég afgreiðslustjóri vöruafgreiðslu Flugleiða h.f. á Reykjavíkurflugvelli, þ. e. ég hafði yfirumsjón með vöruflutningum innanlands. Ég hafði skrifstofu í afgreiðslustöð félagsins, Skerjafjarðarmegin. Sá háttur var á hafður, þegar vörur voru móttæknar til flutnings, að gefið var út flugfarmbréf, í þessu tilfelli í 7 eintökum. Á slíkt flugfarmbréf, sem var prentað eyðublað, voru skráðar eftirfarandi upplýsingar: brottfararstaður, ákvörðunarstaður, nafn og heimilisfang móttakanda, nafn og heimilisfang sendanda, stykkjafjöldi og innihald vörusendingar svo og þyngd. Flugfarmbréfið var undirskrifað og dagsett af starfsmanni Flugleiða h.f. í vörumóttöku á flugvellinum. Að lokum var flutningsgjaldið tilgreint. Sendandi fékk 2 eintök af flugfarmbréfinu, frumritið og eitt gegnumslag (afrit). Eitt afrit varð eftir á vöruafgreiðslunni og var notað sem farmskrá, enda var form þessa afrits sérstaklega auðkennt með orðinu farmskrá, sem prentað var í texta afritsins. Sérstök farmskrá var hins vegar aldrei skráð, en þessi afrit með farmskrárarituninni voru sett saman í sérstakt umslag, sem sent var

með næstu flugvél á ákvörðunarstað, jafnvel þótt varan gæti ekki komist með þeirri flugvél og yrði að bíða eftir því, að rúm fengist í flugvél til viðkomandi flughafnar. Eitt eintak af flugfarmbréfinu fór til bókhalds félagsins í Reykjavík. Tvö afrit voru send í öðru umslagi til flughafnar. Fékk móttakandi vörunnar annað afritið, en kvittaði fyrir móttöku vörunnar á hitt eintakið. Hvert flugfarmbréf ber sérstakt númer. Viðkomandi vörusending er merkt með sama númeri, og auk þess er tilgreint á vörusendingunni sjálfri viðkomandi flughöfn, þyngd vörunnar og stykkjafjöldi. Þetta er ýmist gert af sendanda eða starfsmönnum Flugleiða. Ég hefi nú kynnt mér flugfarmbréfið. Ég kannast ekki við skriftina, sem handrituð er, og veit ekki, hver hefur undirritað flugfarmbréfið, en það er eflaust hægt að finna út, hver ritaði það, sem skráð er með penna á skjalið. Ég tók ekki sjálfur á móti sjónvarpinu, og ég sá það ekki í afgreiðslu félagsins, og ég minnst þess ekki að hafa nokkurn tíma séð það í afgreiðslunni. Ég hef ekki hugmynd um afdrif þessa sjónvarps. Nokkrum dögum eftir 24. nóvember 1978 hringdi Bragi Ólafsson í Vestmannaeyjum í mig og spurðist fyrir um sjónvarpið. Ég giska á, að liðnir hafi verið þá 7—10 dagar frá útgáfudegi flugfarmbréfs. Ég man þetta nú þó ekki nákvæmlega. Ég leitaði sjálfur í afgreiðslunni og lét vafalaust vaktstjórana leita að tækinu, en það fannst ekki. Við fundum afrit flugfarmbréfsins strax. Sérstakt dreifibréf var sent til annarra flugstöðva á landinu með fyrirspurnir um, hvort tækið hefði verið sent þangað af misgáningi. Ekkert svar kom um slík mistök. Það var gerð ítarleg leit í vöruafgreiðslunni sjálfri og vaktstjórar og afgreiðslumenn þeirra svo og umhleðslumenn spurðir um afdrif tækisins, en án árangurs. Ég talaði sjálfur annað hvort við Vilberg eða Þorstein á Radióstofunni og spurði m. a. um umbúnað og merkingu vörunnar. Þegar afgreiðslumaðurinn hafði tekið við greindri vöru í afgreiðslunni, lagði hann hana á færiband, sem flutti vöruna inn í vöruskálann. Þar tóku umhleðslumenn við vörnni af færibandinu og settu hana í gám, sem merktur var viðkomandi flughöfn. Þegar varan var afgreidd úr gámnum í flugvélinu, þá voru það svokallaðir hlaðmenn, sem tóku vöruna úr gámnum og komu henni fyrir í flugvélinni. Gámarnir voru ekki læstir, á meðan varan beið flugs, en gámunum var ekið í heilu lagi út að flugvélinni, þegar varan var sett um borð í vélinu. Vörumóttakan var opin frá kl. 08 til kl. 19, en þá var móttöku hætt. Eftir það unnu oft þrír starfsmenn við að ganga frá og við undirbúning fyrir næsta vinnudag. Mig minnir, að það hafi verið ritari, afgreiðslumaður, vaktstjóri og stundum umhleðslumaður. Þeir luku venjulega störfum um kl. 2030 eða 2100. Þá fóru allir úr byggingunni, sem er sérstakt hús skammt fyrir norðan farþegaafgreiðsluna. Var húsi þessu þá læst. Ekki voru þar vaktmenn, en vaktmenn voru hins vegar alla nóttina í flugstöðvarbyggingunni. Engar rökstuddar grunsemdir komu fram um af-

drif tækisins. Óhjákvæmilegt er, að vörusendingar fari í einstökum tilfellum til rangra flughafna, bæði voru dæmi um það, að merkingar væru ekki nákvæmar eða beinlínis rangar, og auk þess var um mistök starfsmanna flugfélagsins að ræða. Dreifibréf, sem send voru út til annarra flugstöðva, voru fjölrituð. Ekki var beðið um lögreglurannsókn vegna þessa máls. Sá háttur var ekki hafður á í slíkum tilfellum. Það var mjög lítið um það, að vörur hyrfu, á meðan þær voru í vörslum félagsins.“

Sverrir Jónsson, stöðvarstjóri stefnda, hefur í skýrslu, dagsettri 23. mars 1981, skýrt svo frá:

„Vöruafgreiðsla félagsins var opin alla virka daga frá kl. 08:00—19:00, og unnu þar um 9 manns yfir daginn. Um helgar störfuðu 2 menn, þ. e. vaktstjóri og afgreiðslumaður, en afgreiðslan var lokuð, var þeirra verksvið að afgreiða frakt út í vélar.

Þegar flugi var lokið á daginn, var vöruafgreiðslu lokað, þótt allar vélar væru ekki komnar, enda hefur verkstjóri í hlaðdeild lykil til þess að setja inn þá frakt, er kemur utan af landi eftir lokun.

Hinsvegar, ef brottför var eftir kl. 19:00, voru ætíð starfsmenn úr vöruafgreiðslu til staðar til afhendingar.

Lykla af vöruafgreiðslu höfðu: Stöðvarstjóri, afgreiðslustjóri vöruafgreiðslu, vaktstjórar og tveir afgreiðslumenn. Auk þessara hafa verkstjórar í hlaðdeild lykil. Varðandi meðferð vörunnar í vöruafgreiðslu er engu við að bæta, er fram kemur í skýrslu Thulins Johansen. Vegna fyrirsparnar um umgang hlaðmanna er því til að svara, að þeir koma í afgreiðsluna á öllum tímum dagsins og eru þá að sækja frakt, er fara á út á land.

Frakt, er fara á um borð í vélar, stendur í þar til gerðum grindum, þær settar á færibandabíl eða annað farartæki og flutt beint upp að vél.

Sé hætt við eða flugi frestað, eftir að hleðslu er lokið, er möguleiki á, að frakt sé um borð í vél þó nokkurn tíma, meðan beðið er eftir að komast af stað.

Hafi vél ekki verið hlaðin og flugi frestað, gæti varan staðið í grindum við vélina um tíma, en þess skal þó getið, að þá standa vagnarnir beint fyrir framan afgreiðslubyggingu og starfsfólk við vinnu umhverfis.

Umrætt sjónvarpsmál var tjónamál, sendanda tilkynnt, að tækið væri glatað og boðnar bætur samkvæmt kilóreglu. Stefndandi var jafnframt beðinn um númer af tækinu, þar eð við töldum, að hann hlyti að hafa það, þar sem um er að ræða hluti, sem eru í ábyrgð seljanda, og með því að hafa númer töldum við, að auðveldara væri að fylgjast með, hvort tækið kæmi inn á verkstæði, t. d. til viðgerðar. Það var aldrei rætt að gera þetta að lögreglumáli, enda ekki venja.

Hér var lítið svo á, að hér væru um venjulegt tjónamál, varan hefði misfarist, en kæmi í leitirnar seinna, sem því miður varð ekki.

Engin næturvarzla er í vöruafgreiðslu.“

Hér fyrir dómi 25. mars 1981 hefur Sverrir Jónsson skýrt svo frá: „Hlaðmenn voru á þeim tíma, sem hér skiptir máli, samtals 19, og eru verkstjórar þar með taldir. Á hverri vakt eru 4 menn auk verkstjóra. Á daginn voru venjulega 2 vaktir, eða samtals 9 menn. Ég er búinn að vera starfsmaður á flugvælinum í Reykjavík, fyrst hjá Flugfélagi Íslands og síðan hjá Flugleiðum h.f., í 30 ár. Það hefur aldrei verið tíðkað að taka aukafarmgjald fyrir vörur. Hinsvegar hefur fólki verið bent á, ef um sérstaka verðmæta vörusendingu hefur verið að ræða, að váttryggja hana sérstaklega. Ég hef aldrei heldur orðið þess var, að farmsendendur hafi óskað eftir því að greiða aukafarmgjald fyrir vörur, sem eru sérstaklega verðmætar. Það er mjög sjaldgæft, að vörur bíði í vöruafgreiðslunni í svo langan tíma eins og frá 24. nóvember til 10. desember. Þetta kemur þó fyrir, ef mjög illa viðrar. Vörur, sem afgreiddar eru út úr vörugeymslunni, eru ekki skráðar á sérstaka skrá, um leið og þeim er ekið burt úr vörugeymslunni. Við höfum enga skrá um það. Við töldum, að sjónvarpið hafi verið sent með flugvél til Eyja, eins og til stóð. Ég veit hinsvegar ekki, hvað um sjónvarpið varð. Ekki var skráð sérstök farmskrá yfir þær vörur, sem sendar voru til Vestmannaeyja hverju sinni með flugvélum félagsins á þeim síma, sem hér skiptir máli. Í millilandaflugi var hinsvegar á þessum sama tíma og er enn í dag skráð sérstök farmskrá yfir allar vörur, sem sendar eru með flugvélum félagsins. Þetta er gert vegna tollfærslu viðkomandi landa. Það tíðkaðist í eina tíð að skrá farmskrá yfir vörur, sem sendar voru með hverri flugvél í innanlandsflugi. Hætt var að hafa farmskrár fyrir all nokkru síðan í innanlandsflugi. Ákvörðun um þetta var tekin af yfirmanni í innanlandsflugi. Ég tók þátt í umræðum um þetta. Eftir að farmskráin var lögð niður, var bætt við einu afriti af hverju flugfarmbréfi, sem út var gefið, um hverja vörusendingu. Ég tel, að farmskráin sé ónaðsynleg flugsins vega, þ. e. vegna öryggis í flugi. Afritin af flugfarmbréfum söfnum við saman og notum sem einskonar farmskrá. Samtals eru flugfarmbréfin gefin út í 7 eintökum, farmsendandi fær frumrit og eitt afrit, 3 eintök eru send viðkomandi afgreiðslu, í þessu tilfelli til flugafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum, og tvö verða eftir í Reykjavík. Annað þeirra gengur til bókhalds, en hitt verður eftir í vöruafgreiðslunni.

Við normal aðstæður, þ. e. þegar tiltekið magn af vörusendingum eru sendar með tiltekinni flugvél, eru öll flugfarmbréf varðandi vörusendingar með þessari tilteknu flugvél sett í sérstakt umslag, sem ber yfirskriftina flugskjöl. Það eintak flugfarmbréfs, sem fer í flugskjalaumslagið, er eintakið, sem ætlað er bókhaldi og áður er frá greint. Ef hinsvegar vörur safnast saman vegna þess, að ekki er hægt að senda þær strax, þá getur farið svo, að það magn, sem til hefur staðið að senda í tiltekna flugvél, kemst ekki

í flugvélina. Getur þá farið svo, að flugfarmbréf yfir vörusendingar, sem á að vera í umslaginu yfir tiltekið flug, bókist ekki á sömu flugferð og varan fer með. Ég get ekki hér og nú upplýst, hvort bókhald félagsins hefur að geyma frekari upplýsingar um það, hvort umrætt sjónvarp hefur verið afhent um borð í flugvél í ákveðið flug skv. upplýsingum, sem kunna að hafa borist bókhaldi skv. flugfarmbréfi, sem sett kann að hafa verið í umslag yfir flugskjöl. En ég vil taka fram í þessu sambandi, að umslagið með flugskjöllum sendum við til bókhaldsins daginn eftir hverja flugferð.“

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi beri ábyrgð á fullri greiðslu andvirðis litasjónvarpsins samkvæmt 120. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig er því haldið fram, að „undantekningarákvæði 118. gr.“ ofangreindra laga og íslensk réttarvengja leiði einnig til fullrar ábyrgðar stefnda á greiðslu tækisins.

Af hálfu stefnanda er áhersla lögð á það, að stefnandi hafi afhent stefnda mjög verðmætt tæki, sem merkt hafi verið litsjónvarpstæki. Þetta tæki hafi horfið úr vörslu stefnda. Tækið hafi alla tíð frá afhendingu verið í umsjá og vörslu stefnda. Stefndi hafi einn séð um alla geymslu, flutning og afhendingu á vörum í eigin húsum og flugvélum. Enginn utanaðkomandi aðili komi þar nálægt eða sjái um nokkurn hluta flutnings á vörum fyrir stefnda. Hér verði starfsmönnum stefnda einum um kennt. Starfsmenn stefnda séu einu aðiljarnir, sem komist að vörum, sem stefndi sjái um flutning á. Hér sé því um að ræða stórfellt gáleysi eða ásetning af hálfu stefnda. Stefndi beri því fulla fébótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 120. gr. nefndra laga.

Í farmbréfinu hafi enn fremur verið skráð, að hér væri um litasjónvarp að ræða. Með þessu hafi stefnandi lýst yfir, að hann sé að senda dýran hlut, samanber 118. gr. loftferðalaganna. Í slíkum tilfellum sé ábyrgð farmflytjanda ekki takmörkuð, en það leiði til fullrar bótaskyldu stefnda.

Því er haldið fram, að stefndi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með því að óska ekki eftir lögreglurannsókn á hvarfi sjónvarpsins. Það eitt leiði til ótakmarkaðrar fébótaábyrgðar stefnda.

Einnig sé ljóst, að geymsla tækisins í vöruskála stefnda á Reykjavíkurflugvelli hafi verið óforsvaranleg. Engin varsla hafi verið í skálanum langan tíma sólarhringsins og margir menn hafi haft lykla að skálanum og um 30 manns hafi haft aðgang að honum. Auk þess beri að hafa í huga, að tækið hafi verið svo þungt, að einn maður hafi varla valdið því.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að áður en umrætt sjónvarpstæki hvarf, hafi stefndi jafnan greitt að fullu þá muni, sem stefnandi sendi, en týndust í flutningum á vegum stefnda. Stefndi hafi mátt treysta því, að

stefndi greiddi sjónvarpstækið eins og aðra hluti, sem höfðu týnst með öllu í flutningi hjá stefnda.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar einnig með því, að stefndi hafi atvinnu af því að flytja vörur. Verði að gera strangar kröfur um, að farmflytjandi standi skil á þeim varningi, sem honum sé trúað fyrir. Í því sambandi beri einnig á það að líta, að ábyrgð innan samninga sé ríkari en utan samninga. Fyrirvarinn í farmbréfinu sé því mjög óeðlilegur og verði að meta hann ógildan.

Því er andmælt af hálfu stefnanda, að um viðtökudrátt hafi verið að ræða, þegar stefnandi neitaði að taka við kr. 179.800 á sínum tíma, enda hafi greiðsla þessi ekki verið fullnægjandi og skilyrt, svo sem stefnandi viðurkenni. Hafi stefnanda því verið rétt að endursenda greiðsluna, svo sem á stóð.

V.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að reglur laga um loftferðir nr. 34/1964 um takmarkaða bótaábyrgð farmflytjanda séu að verulegu leyti byggðar á Varsjárstáttmálanum svonefnda.

Sé litið til baka, megi sjá, að í upphafi hafi ábyrgð farmflytjanda í loftflutningum farið eftir hinum almennu reglum skaðabótaréttarins. Farmflytjendur hafi síðar samið sig undan allri ábyrgð eða takmarkað ábyrgð sína verulega. Þróunin hafi svo orðið sú, að ábyrgð farmflytjanda hafi um skeið verið hlutlæg. Eftir ótal ráðstefnur og fjölþjóðafundi hafi þróunin orðið sú, að í dag búum við við lagareglur, sem skyldi farmflytjanda til að bæta tjón, sem verða kunni á farmi. Núgildandi reglur íslenskra loftferðalaga um ábyrgð farmflytjanda séu nú þannig, að farmsendandi, sem fyrir tjóni verði, þurfi ekki að sanna, að tjónið hafi orðið fyrir mistök farmflytjanda, sbr. 114. og 115. gr. loftferðalaganna. Ekki þurfi frekar að ræða það hér, því stefndi hafi í upphafi viðurkennt ábyrgð sína á hinu glataða sjónvarpstæki. Hins vegar beri stefndi fyrir sig 2. mgr. 118. gr. loftferðalaganna um takmarkaða ábyrgð, en samkvæmt henni beri stefnda aðeins að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 37.00 fyrir kvert kg af vöru-sendingunni og skuli skaðabæturnar reiknast eftir gullgildi, svo sem 5. mgr. 118. gr. greinarinnar ákveði. Samkvæmt því séu skaðabæturnar rétt reiknaðar kr. 185.774 og sé þá miðað við gullgildi íslenskrar krónu á afhendingar-degi vörunnar, 28. nóvember 1978.

Þegar greiðslan var send til stefnanda 25. maí 1979, að fjárhæð kr. 179.800, hafi orðið þau mistök, að skaðabæturnar voru rangt út reiknaðar. Réttur útreikningur hafi verið kr. 185.774. Stefnandi hafi hins vegar engar athugasemdir gert við útreikninginn. Með hliðsjón af því, hve litlu munaði á fjárhæðum, geti stefndi, sem hafnaði móttöku greiðslunnar, ekki nú bor-

ið fyrir sig, að ekki hafi verið boðin fram rétt greiðsla. Fullyrða megi, að útreikningur hefði verið leiðréttur, ef athugasemd um það hefði komið fram hjá stefnanda. Er sérstök áhersla á þetta lögð af hálfu stefnda varðandi málskostnaðarkröfu hans.

Af hálfu stefnda er því lýst, að farmsendandi, sem fyrir tjóni verði, geti borið hærri bætur en hin takmarkaða ábyrgð geri ráð fyrir. Til þess þurfi annað tveggja að koma til: „Verðmætayfirlýsing“ samkvæmt 2. mgr. 118. gr. loftferðalaga eða að skilyrði 120. gr. sé fyrir hendi.

Af hálfu stefnda er því andmælt, að stefnandi geti byggt skaðabótakröfu sína á ákvæðum 2. mgr. 118. gr. um „verðmætayfirlýsingu“. Ekkert verð hafi verið tilgreint við vörusendinguna og stefnandi hafi heldur ekki greitt aukafarmgjald, svo sem ráð sé fyrir gert í lagaákvæðinu. Komi þessi varnarástæða stefnanda því ekki að haldi.

Til þess að stefnandi geti beitt fyrir sig 120. gr. loftferðalaganna, verði hann að sanna, að starfsmenn stefnda hafi við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um, að tjón mundi sennilega af hljóttast. Slík sönnun af hálfu stefnanda hafi ekki tekist. Í því sambandi verði eigi á það fallist með stefnanda, að það hafi verið ámælisvert af stefnda að láta ekki fara fram lögreglurannsókn út af hvarfi sjónvarpsins.

Til stuðnings máli sínu hefur lögmaður stefnda einkum vitnað í rit Peter Lödrup „Luftrett II, fragtavtalen“, sem gefið var út af Háskólanum í Oslo 1975.

Á það er bent af hálfu stefnanda, að stefnandi reki umfangsmikla verslun og hafi stefndi margsinnis annast flutning á vörum út á land fyrir hann. Stefnanda hafi því verið eða mátt vera kunnir flutningsskilmálar stefnda. Stefnanda hafi því verið í lófa lagið og það hafi staðið stefnanda næst að gera ráðstafanir til að tryggja hagsmuni sína betur en hin takmarkaða flutningsábyrgð samkvæmt 118. gr. loftferðalaganna geri ráð fyrir, svo sem með því að kaupa sér sérstaka tryggingu.

VI.

Niðurstaða réttarins.

Stefndi viðurkennir að hafa móttengið sjónvarp það, sem málið fjallar um, til flutnings loftleiðis til móttakanda þess í Vestmannaeyjum.

Í flugfarmbréfinu, sem stefndi gaf út við móttöku sjónvarpsins, er sfofellt flutningsákvæði:

„Um flutning samkvæmt flugfarmbréfi þessu skulu gilda ákvæði Varsjáráttnálans eða ákvæði íslenzkra laga, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi, sbr. nú lög nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir.“

Stefndi viðurkennir, að hann beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á hvarfi sjónvarpsins samkvæmt ákvæðum loftferðalaga nr. 34/1964.

Stefnandi tilgreindi ekki sérstaklega þá hagsmuni, sem tengdir voru við afhendingu sjónvarpsins á ákvörðunarstað, og stefnandi greiddi ekkert aukafarmgjald fyrir flutninginn. Verður krafa stefnanda um fullar bætur á grundvelli verðmætisýfirlýsingar samkvæmt 2. mgr. 118. gr. loftferðalaganna því ekki tekin til greina.

Annar eigenda stefnanda, Vilberg Sigurjónsson, hefur hins vega skýrt svo frá fyrir dómi, svo sem frá er greint í kafla III hér að framan, að stefnandi hafi allt frá árinu 1955 sent vörur með Flugfélagi Íslands h/f og síðar Flugleiðum h/f, sem tekið hefur við rekstri þess fyrrnefnda. Vörusendingar, sem „týndust með öllu í flutningi hjá flugfélaginu“, hafi „ávallt verið greiddar að fullu“. Af hálfu stefnda hefur þessari staðhæfingu eigandans hvorki verið mótmælt í greinargerð né í hinum munnlega flutningi málsins. Með hliðsjón af fyrri viðskiptum sínum við stefnda mátti stefnandi treysta því þrátt fyrir ákvæði flugfarmbréfsins og þeirra laga, sem þar er vitnað til, að stefndi stæði stefnanda skil á andvirði sjónvarpsins, ef það glataðist með öllu, á meðan það var í flutningsábyrgð stefnda. Að svo vöxnu máli ber þegar af framangreindum ástæðum að dæma stefnda til að greiða stefnanda andvirði sjónvarpstækisins með nýkr. 3.903.60.

Stefndi bauð ekki fram fullnægjandi greiðslu, þegar hann sendi stefnda tékann að fjárhæð kr. 179.800 þann 25. maí 1979, og greiðslan var háð skilyrðum. Var stefnanda því rétt að endursenda tékann. Vaxtakrafa stefnanda verður því tekin til greina, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.400.00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugleiðir h/f, greiði stefnanda, Radióstofu Vilbergs og Þorsteins, kr. 3.903.60 með 19% ársvöxtum frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 2.400.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.